

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
Ml. 11.11.9	Ábmr. 544
Innk 17. SEP. 2014	
IRK 14090216	

Til Forseta Íslands.
Innanríkisráðuneytið,
v/ Sölvhólsgötu í Reykjavík.

Reykjavík 17. september 2014.

Með dómi hæstaréttar frá 15. maí 2008 nr. 539/2007 var ég undirritaður dæmdur í 3ja ára fangelsi fyrir brot á 202. gr. 3. mgr. alm. hgl. nr. 19/1940. Afplánun lauk hinn 2. febrúar 2012.

Þar sem nú eru liðin rúm tvö og hálf t ár frá því að ég lauk afplánun og þar sem ég hef síðan lifað reglusömu og heiðarlegu lífi, leyfi ég mér að fara þess á leit, að mér verði veitt uppreisn æru að því er þetta varðar.

Umsókn þessi byggir á 3. mgr. 85. gr. alm. hgl. nr. 1940 sbr. 1. mgr. sömu greinar. Þá er einnig vísað til venju í framkvæmd afgreiðslu slíkra beiðna sem þessara hér á landi.

Meðfylgjandi eru eftirtalin vottorð:

- 1) Vottorð Viðars Marels Jóhannssonar.
- 2) Vottorð Gauts Elvars Gunnarssonar.
- 3) Vottorð Halldórs Einarssonar.

Alltravirðingarfyllst,


Samið af beiðanda.

Robert Downey áður Róbert Árni Hreiðarsson Downey.
Kt. 160546-3019, Traðarlandi 12, 108 Reykjavík.

☎ Sími

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ	
Ml. 11.11.4	Ábm. SPG
Innk. 11. APR. 2016	
IRR 14090216	

Robert Downey lögfræðingur.
Grænásvegi 1b, 260 Reykjanesbæ.

Reykjanesbær 8.apríl 2016.

Virðulegur forseti, Ólafur Ragnar Grímsson.
c/o Innanríkisráðuneytið, Ólöf Nordal, ráðherra.

Efni: Ítrekun v. beiðni um uppreisn æru.

Hinn 17.september árið 2014 sendi ég undirritaður beiðni um uppreisn æru ásamt gögnum til yðar. Nú eru liðið rúmlega eitt og hálf ár síðan ég sendi beiðnina, en afstaða til hennar hefur ekki borist mér.


Ég fékk reynslulausn hinn 2. febrúar 2011 og hef ekki gerst brotlegur við þær reglur, sem um afplánun gilda og leitt gætu til þess, að ákvörðun um veitingu reynslulausnar væri afturkölluð.

Það eru því liðin rúm fimm ár síðan ég lauk afplánun refsingar og í ljósi síðstu fréttu af veitingu uppreisnar æru, tel ég rétt að ítreka beiðni mina nú. En sá aðili, sem hana síðast fékk, að ég best veit, hafði fengið margfallt þyngri dóm en ég. Fimm ár voru liðin hjá honum frá afplánun refsingar, þegar hann fékk uppreisn æru eins og hjá mér nú.

Það eru vinsamlega tilmæli mín, að svar berist mér sem fyrst en eigi síðar 1. maí n.k. Þá óskast svarið einnig sent í tölvupósti, þar sem ég dvel mikið í útlöndum og er því oft fjarverandi.

Hjálagt er bréf Fangelsismálastofnunar dag. 7.desember 2010, þar sem fallist var á beiðni mina um reynslulausn. Reynslutíminn, sem var tvö ár, er löngu liðinn.

Virðingarfyllst,



Robert Downey

3.september 2014

Innanríkisráðuneytið

Til þess er varðar.

Mér er það mikil ánægja að veita umsögn til ráðuneytisins um Robert Downey lögfræðing kt.160546-3019, Grænási 1b, Reykjanesbæ, áður nefndur Róbert Árni Hreiðarsson Downey vegna beiðni hans um uppreisn æru.

Ég hef þekkt Robert frá barnæsku og get ég fullyrt með góðri samvisku, að hann hefur hegðað sér óaðfinnanlega í lífi og starfi frá því, að hann kom úr fangelsi. Á milli okkar er mikil og góð ævarandi vinátta, traust og trúnaður.



Halldór Einarsson
231247-2709

Umsögn vegna beiðni um uppreisn æru.

Reykjavík 7. september 2014.

Hr. Forseti Íslands,
hr. Ólafur Ragnar Grímsson
b.t. Innanríkisráðuneytið,
Sölvhólsgötu 7,
IS-101 Reykjavík.

Vegna umsóknar Róbert Árna Hreiðarssonar Downey, um beiðni um uppreisn æru, óska ég eftir að koma eftirfarandi á framfæri:

Dugnaður, ósérhlífni, hjálpsemi eru þau orð, sem koma upp í hugann, þegar lýsa á Róbert Árna Hreiðarssyni Downey. Ég hef þekkt Róbert Árna í rúm 45 ár og hefur aldrei borið skugga á vinskapa okkar. Róbert Árna er gott að eiga að vini. Hann er alltaf reiðubúinn að rétta hjálparhönd og vera vinur vina sinna. Hann hefur alla tíð reynst mér traustur og heiðarlegur bæði sem ráðgjafi og vinur.

Ég og allir sem til þekkja munu geta borið vitni um, að Róbert Árni muni í alla staði reynast traustsins verður. Ég veit, að mannkostir hans munu reynast honum vel, og að slíkt, sem hann var dæmdur fyrir endurtekur sig ekki.

Virðingarfyllst,



Viðar Marel Jóhannsson, kt. 070751-7399

kennari,
Huldulandi 8,
108 Reykjavík.
Farsími

4. september 2014

Til: Innanríkisráðuneytið

Ég undirritaður hef þekkt Róbert Árna Hreiðarsson um langa hríð og þekki ég hann af góðu einu, bæði persónulega og í starfi.

Ég mæli eindregið með því að Róbert fái uppreisn æru og tel ég hann verðugan til þess. Þá veit ég til þess að hann hefur hagað sér óaðfinnanlega síðan hann fékk reynslulausn.

Virðingarfyllt



Gautur Elvar Gunnarsson, lögfræðingur,
fulltrúi sýslumannsins í Reykjavík.



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Dagsetning

Tilvisun

Róbert Árni Hreiðarsson
Vernd, Laugateigi 19
105 REYKJAVÍK

7. desember 2010.

/EKÁ

Með beiðni dags. 24. nóvember 2010, mótt. sama dag, fórst þú fram á að þér yrði veitt reynslulausn þegar afplánaðir eru 2/3 hlutar af 3 ára fangelsisrefsingu samkvæmt dómi Hæstaréttar uppkveðnum 15. maí 2008.

Hér með tilkynnist þér að Fangelsismálastofnun hefur ákveðið að veita þér reynslulausn á grundvelli 1. mgr. 63. gr. laga nr. 49/2005 um fullnustu refsinga eða frá og með 2. febrúar 2011, kl 08:00, enda gerist þú ekki brotlegur við þær reglur sem um afplánun gilda og leitt getur til þess að ákvörðun um veitingu reynslulausnar sé afturkölluð.


Reynslulausnin veitist með því sérskilyrði að þú sætir umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar ríkisins á reynslutímanum, sbr. 1. tl. 2. mgr. 64. gr.

Fangelsismálastofnun mun birta þér skilyrði reynslulausnarinnar enda fallist þú, með undirritun þinni, á skilyrðin sem eru:

- ✓ Að þú gerist ekki sekur um refsiverðan verknað á reynslutímanum.
- ✓ Að þú sætir umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar ríkisins á reynslutímanum.

Reynslutíminn er 2 ár.

e. u.


Erla Kristín Árnadóttir

Tillaga
til
forseta Íslands
um uppreist æru.

Fellst á tillögum.

Bestuðum,

16. sept. 2016

Cyðmi R. Johannsson

Robert Downey, fæddur 16. maí 1946, til heimilis að Grænási 1b, Njarðvík, hefur farið þess á leit að honum verði veitt uppreist æru sinnar, að því er snertir dóm Hæstaréttar Íslands, uppkveðinn 15. maí 2008, þar sem honum var gert að sæta 3 ára óskilorðsbundinni refsivist fyrir brot á almennum hegningarlögum

Með því að skilyrði þykja nú vera fyrir hendi til þess að verða við framangreindri beiðni, vil ég leyfa mér að leggja til, að yður, forseti Íslands, mætti þóknast

að veita nefndum Robert Downey uppreist æru sinnar að því er snertir framangreindan dóm.

Í innanríkisráðuneytinu,
14. september 2016.

Allravigingarfyllst,

Olafur Jardal

Ragnvaldur Hjalladottir

Staðfest í ríkisráði
21/10/2016